

**Nr. 128 / 09 Sægrímur GK 525*****Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2101  
Smíðaður: Njarðvík 1990, stál  
Stærð: 34,4 brl. 77 bt.  
Mesta lengd: 19,12 m Skráð lengd: 17,28 m  
Breidd: 4,8 m Dýpt: 4,18 m  
Vél: Volvo Penta 220 kW, 1990  
Fjöldi skipverja: 5

**Gögn:**  
Lögregluskýrsla  
Gögn RNS



Sægrímur©Alfons Finnsson

Málið afgreitt á fundi 15. febrúar 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 27. október 2009 var Sægrímur GK 525 að koma til hafnar í Rífi. Veður: Hægviðri.

Verið var að binda skipið og skipverji hafði stokkið upp á bryggjuna til að setja springinn á polla. Annar skipverji setti afturfestina á bryggjupollann en þá festist úlpuermin undir henni. Við það að reyna að losa sig tók hann í festina með vinstri hendi en sú hægri klemmdist á milli tógsins og pollans áður en hann náði að rífa sig lausan. Skipverjinn var fluttur á sjúkrahús og í ljós kom að baugfingur hafði m.a. brotnað.

***Við rannsókn kom fram:***

- að skipið féll frá bryggjunni að aftan strax eftir að springurinn var fastur og var því keyrt í springinn til að ná því að bryggju;
- að slasaði tók um festina með hægri hendi eftir að tók í hana og vinstri úlpuermin festist.

***Nefndarálit:***

Nefndin ályktar ekki í málinu.